



**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 12. mars 2026

SFS26030057

## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

---

### **Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa foreldra barna í leikskólum um um samráð við foreldra í tengslum við tillögur stýrihóps um umbætur í náms- og starfsumhverfi leikskóla**

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 9. mars 2026, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa foreldra barna í leikskólum:

*Voru foreldrar leikskólabarna í Reykjavík kölluð til samráðs þegar vinna Stýrihóps um umbætur í náms- og starfsumhverfi leikskóla var í gangi? Hvernig voru þeir foreldrar valdir? Athugið að ekki er beðið um persónugreinanlegar upplýsingar en æskilegt væri að fá upplýsingar um aldur og fjölda barna, starfsvettvang, fjölskyldugerð og hverfi. Hvernig var samráði við foreldra barna með stuðning háttað?*

#### **Svar:**

Við vinnu stýrihóps um umbætur í náms- og starfsumhverfi leikskóla fór fram viðtækt samráð vegna tillagna stýrihópsins. Fundað var með öllum foreldraráðum í leikskólum Reykjavíkur áður en tillögurnar fóru í samráðsgátt Reykjavíkur. Í gegnum samráðsgáttina bárust tæplega 200 umsagnir frá fjölmörgum hagaðilum, m.a. foreldrum, foreldrafélögum leikskóla og ýmsum stuðningsfélagasamtökum barna með stuðningsparfir. Foreldrar voru ekki valdir sértaklega til samráðs en öllum var frjálst að senda inn umsögn. Tillögurnar tóku töluverðum breytingum í samráðsferlinu.



**Reykjavík**